

ACTION

Kennsluleiðbeiningar

EFNISYFIRLIT

Til kennara.....	3
Lesbók.....	6
Vinnubækur	8
Fortune-telling.....	11
Lifestyle	14
Crimes and mysteries	20
Communication.....	24
All kinds of fame	29
Travel and culture	33
Textatilvísanir	36

Action

Kennsluleiðbeiningar

© 2011 Björg Jónsdóttir og Erla Björk Pálsdóttir

Vefútgáfa 2011

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Hönnun um umbrot: Námsgagnastofnun



Til kennara

Enskuefnið *Action* samanstendur af lesbók, tveimur vinnubókum og kennsluleiðbeiningum, auk hljóðefnis. Það er samið með sjöunda bekk í huga. Efnið tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla frá 2007. Kaflarnir eru sex talsins og fjallar hver þeirra um ákveðið þema. Hægt er að útfæra efni kaflanna enn frekar ef áhugi er fyrir hendi og oft eru tillögur að slíku í kennsluleiðbeiningum. Hver kafli er byggður upp með sama hætti, þannig að nemendur eiga að vita að hverju þeir ganga þegar hafist er handa í nýjum kafla. Kaflarnir eru ekki númeraðir til að kennari geti sjálfur valið röð þeirra og hvaða kaflar henta nemendum best. Mikilvægt er að kennari hafi í huga að ekki er nauðsynlegt að taka fyrir alla textana heldur velja úr með hliðsjón af getu og færni nemenda. Hugmyndin er að efnið sé sveigjanlegt og fjölbreytt svo hægt sé að laga það að þörfum nemenda.

Efni lesbókarinnar hentar vel fyrir þverfaglega kennslu þar sem teknir eru fyrir ýmsir þættir sem tengjast lífsleikni, landafræði, heimilisfræði, íþróttum og líffræði svo nokkuð sé nefnt. Í hverjum kafla er einnig eitthvað sem tengist Íslandi. Með því má færa viðfangsefni textanna nær veruleika nemenda. Verkefni í vinnubók tengjast flest texta í lesbók en þó eru undantekningar á því og sum verkefni eru sjálfstæð.

Enska er líklega sú grein grunnskólans þar sem hvað mestir möguleikar eru á að nálgast ítarefni þar sem t.d. netið er hafsjór slíkra gagna. Það ætti því að vera nokkuð einfalt að hnýta við efnið eins og hentar hverju sinni, hvort sem um ræðir þema, sérstaka texta eða málfræði.

Það er von höfunda að efni þetta nýtist kennurum vel í tengslum við fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðun.

Einstaklingsmiðuð kennsla

Kennarar geta nýtt sér mismunandi lengd textanna til að koma til móts við sem flesta nemendur. Þegar um er að ræða marga stutta texta má láta suma nemendur einungis lesa einn eða tvo. Töflur með þyngdarstigum lestexta og verkefna fylgja og er gott fyrir kennara að nýta sér þær til að fá nemendum lestexta sem hæfa getu og fækka verkefnum fyrir þá getuminni.

Lestur

Í efninu er lögð mikil áhersla á lestur og lesskilning. Textar í köflum lesbókar eru mislangir. Þeir eru allir til á hljóðskrá sem hentar nemendum með lestrarerfiðleika. Textarnir eru fjölbreyttir, allt frá smásögum yfir í skáldsögur, fréttir, fræðsluefni og skemmtiefni svo nokkuð sé nefnt. Mörgum textanna fylgir orðalisti sem gott er að kenna nemendum að nýta sér. Nauðsynlegt er að gæta þess að nemendur fái að spreyta sig á lestri textanna á ýmsan hátt, s.s. með nákvæmnislestri, yfirlitslestri og jafnvel hraðlestri. Verkefni sem fylgja í lesbók og vinnubók eru fjölbreytileg og miða að því að nemendur auki orðaforða sinn og fái tilfinningu fyrir málinu.

Hlustun


Í hverjum kafla eru hlustunaræfingar í vinnubók. Þær eru á mismunandi þyngdarstigum (sjá töflu með þyngdarstigum verkefna) og því gott að hafa í huga að hlusta þeim mun oftár á þær æfingar sem reynast nemendum erfiðar. Þessar æfingar eru eingöngu til að þjálfra hlustun og athygli nemenda.

Ritun

Í bæði vinnubók og lesbók eru ýmsar ritunaræfingar. Gert er ráð fyrir notkun stílabókar fyrir þær æfingar sem eru í lesbók en hins vegar má oft gera ritunaræfingar beint í vinnubókina. Í ritun er gott að styðjast við þau hjálpartæki sem við höfum. Orðabækur eru mjög góðar og gagnlegt fyrir nemendur að þjálf sig í notkun þeirra. Annar möguleiki er að láta nemendur skrifa í ritvinnsluforriti í tölvu. Þannig má nýta leiðréttingar sem forritið býður upp á, t.d. Word. Einnig er mikið af orðabókum á netinu sem gæti verið gott að nýta sér.

Talað mál

Í hverjum kafla í vinnubók eru sérstakar talbólur þar sem nemendur eru hvattir til að tala saman á ensku. Í lesbók eru á nokkrum stöðum spurningar sem eru ekki endilega hugsaðar til að svara skriflega. Gott er að hafa í huga að slíkar spurningar geta hentað vel til að skapa umræður á ensku um málefni sem nemendum finnst áhugaverð. Nái kennarinn að halda enskunni sem aðaltungumáli kennslustofunnar ætti bókin að nýtast prýðilega í tengslum við umræður af ýmsum



toga. Í sumum verkefnum er gert ráð fyrir að nemendur tjái sig í pörum eða hópum. Eins mætti nota leiklestur þar sem nemendur lesa upp samtöl saman og frásagnir þar sem þeir segja frá verkum sínum. Mjög mikilvægt er að þjálf þennan þátt því oft er getan til staðar en nemendur skortir þor og þjálfun.

Málfræði

Hver kafli er tileinkaður einhverju einu málfræðiatriði sem er í samhengi við textana. Mikilvægt er að nemendur á þessum aldri nái góðum tókum á lesmáli, sem og tal- og ritmáli, áður en farið er út í miklar málfræðireglur. Nóg er til af efni með málfræðiverkefnum, bæði á vef og í málfræðibókum.

Hér má finna gagnlegar upplýsingar fyrir kennara

<http://www.rong-chang.com/grammar.htm>

<http://www.englishclub.com/grammar/>

<http://www.5minuteenglish.com/grammar.htm>

Á þessum síðum er efni til útprintunar

<http://www.usingenglish.com/handouts/>

<http://www.esl-galaxy.com/grammarsheets.html>

<http://www.learnenglishfeelgood.com/esl-printables-worksheets.html>

<http://abcteach.com/directory/basics/grammar/>

<http://www.eslpdf.com/>

<http://www.elcivics.com/esl-grammar/lessons>

Hér má finna gagnvirkar æfingar

<http://www.englishclub.com/grammar/>

(bæði gagnvirkar æfingar og upplýsingar fyrir kennara)

<http://a4esl.org/q/h/grammar.html>

<http://www.manythings.org/e/grammar.html>

http://www.englisch-hilfen.de/en/exercises_list/alle_grammar.htm

Lesbók

Í lesbók er að finna texta af ýmsu tagi mismunandi að lengd. Auk lestrarþjálfunar eru þeir hugsaðir sem efniviður til að vinna með aðra færniþætti í enskunáminu.

Kveikjusíður

Allir kaflar lesbókar byrja á kveikjusíðu. Þar er mynd og texti sem varpar ljósi á inntak kaflans. Best er að kennari noti þessa síðu með nemendum og ræði um hana til að vekja athygli þeirra á innihaldi kaflans.

Train your brain


Þessar spurningar má nýta á ýmsa vegu. Einfalt er að láta nemendur svara þeim skriflega, öllum eða hluta af þeim. Þær má líka nota sem umræðugrundvöll, annaðhvort fyrir nokkra nemendur saman eða allan bekkinn. Enn önnur leið er að gera þessa punkta að ritunarverkefnum, velja þá eitthvað úr þeim. Loks mætti nýta spurningarnar sem heimanám þar sem nemendur velta þeim fyrir sér með foreldrum sínum og koma með svörin aftur í skólann.

Leikir

Í lok kaflanna Crimes and mysteries og All kinds of fame eru leikir sem byggjast á viðbótarupplýsingum frá kennara.

Frankenstein

Milli kafla er framhaldssaga. Það er hin gamla saga um Frankenstein og skrímslið hans. Við lok hvers hluta sögunnar eru nokkrar einfaldar spurningar. Þeim er einkum ætlað að auðvelda nemendum að renna yfir söguþráðinn. Sagan er hugsuð sem yndislestur og því mikilvægt að allir skilji. Það má þó ekki gleymast að heilmikill lærdómur er fólgin í að lesa jafn þekkta sögu og þessa. Ekki væri úr vegi fyrir kennarann að taka Frankenstein lengra hverju sinni og vinna frekari verkefni úr sögunni. Nemendur gætu leikið hvern bít fyrir sig, sett söguna upp myndrænt eða túlkað hana á annan hátt. Með slíkri vinnu fá nemendur hvíld frá hefðbundinni bókarvinnu og eru mögulega tilbúnari í næsta kafla þegar að því kemur. Verulegt magn er til af efni um Frankenstein á netinu og víðar, s.s. lesefni, verkefni og myndefni.



Þyngdarflokkun lestexta

E – Easy

M – Middle

D – Difficult

<p>Fortune-telling</p> <table> <tr><td>Fortune-tellers</td><td>M</td></tr> <tr><td>The star signs</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>Your future in your palm</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>The Locket</td><td>M</td></tr> <tr><td>Iceland and fortune-telling</td><td>M</td></tr> <tr><td>The scorpion</td><td>M</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Fortune-tellers	M	The star signs	E/M	Your future in your palm	E/M	The Locket	M	Iceland and fortune-telling	M	The scorpion	M	Train your brain	E	Frankenstein	M	<p>Communication</p> <table> <tr><td>Go to school</td><td>E</td></tr> <tr><td>Communication from the past</td><td>M</td></tr> <tr><td>Ways to communicate</td><td>M</td></tr> <tr><td>Don't judge a book by its cover</td><td>M</td></tr> <tr><td>The party</td><td>E</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Go to school	E	Communication from the past	M	Ways to communicate	M	Don't judge a book by its cover	M	The party	E	Train your brain	E	Frankenstein	M								
Fortune-tellers	M																																						
The star signs	E/M																																						
Your future in your palm	E/M																																						
The Locket	M																																						
Iceland and fortune-telling	M																																						
The scorpion	M																																						
Train your brain	E																																						
Frankenstein	M																																						
Go to school	E																																						
Communication from the past	M																																						
Ways to communicate	M																																						
Don't judge a book by its cover	M																																						
The party	E																																						
Train your brain	E																																						
Frankenstein	M																																						
<p>Lifestyle</p> <table> <tr><td>Unusual sports</td><td>M</td></tr> <tr><td>Parkour</td><td>M/D</td></tr> <tr><td>Did you know</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>A few points about your health</td><td>D</td></tr> <tr><td>Ironman</td><td>M</td></tr> <tr><td>Exam stress</td><td>E</td></tr> <tr><td>Iceland and the Olympics</td><td>M</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Unusual sports	M	Parkour	M/D	Did you know	E/M	A few points about your health	D	Ironman	M	Exam stress	E	Iceland and the Olympics	M	Train your brain	E	Frankenstein	M	<p>All kinds of fame</p> <table> <tr><td>Unforgettable musicians</td><td>M</td></tr> <tr><td>Woman who influenced the world</td><td>D</td></tr> <tr><td>Iceland's most famous writer</td><td>M</td></tr> <tr><td>Movies to remember</td><td>M</td></tr> <tr><td>A weirdo or a genius</td><td>M</td></tr> <tr><td>Lets catch a film</td><td>M/D</td></tr> <tr><td>Movie reviews</td><td>E</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E</td></tr> <tr><td>Riddle</td><td>D</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Unforgettable musicians	M	Woman who influenced the world	D	Iceland's most famous writer	M	Movies to remember	M	A weirdo or a genius	M	Lets catch a film	M/D	Movie reviews	E	Train your brain	E	Riddle	D	Frankenstein	M
Unusual sports	M																																						
Parkour	M/D																																						
Did you know	E/M																																						
A few points about your health	D																																						
Ironman	M																																						
Exam stress	E																																						
Iceland and the Olympics	M																																						
Train your brain	E																																						
Frankenstein	M																																						
Unforgettable musicians	M																																						
Woman who influenced the world	D																																						
Iceland's most famous writer	M																																						
Movies to remember	M																																						
A weirdo or a genius	M																																						
Lets catch a film	M/D																																						
Movie reviews	E																																						
Train your brain	E																																						
Riddle	D																																						
Frankenstein	M																																						
<p>Crimes and mysteries</p> <table> <tr><td>Unsolved mysteries</td><td>M</td></tr> <tr><td>Strange crimes</td><td>E</td></tr> <tr><td>Contacting aliens</td><td>E</td></tr> <tr><td>A favour from a friend</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>The milk</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>Should I or shouldn't I</td><td>M</td></tr> <tr><td>The hidden people of Iceland</td><td>M</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E/M</td></tr> <tr><td>The missing painting</td><td>D</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Unsolved mysteries	M	Strange crimes	E	Contacting aliens	E	A favour from a friend	E/M	The milk	E/M	Should I or shouldn't I	M	The hidden people of Iceland	M	Train your brain	E/M	The missing painting	D	Frankenstein	M	<p>Travel and culture</p> <table> <tr><td>Unique places</td><td>M</td></tr> <tr><td>New Year's Eve around the world</td><td>M</td></tr> <tr><td>Icelandic celebrations</td><td>M</td></tr> <tr><td>The summer holiday</td><td>M</td></tr> <tr><td>Westman Islands</td><td>D</td></tr> <tr><td>April Fool's day</td><td>M</td></tr> <tr><td>Train your brain</td><td>E</td></tr> <tr><td>Frankenstein</td><td>M</td></tr> </table>	Unique places	M	New Year's Eve around the world	M	Icelandic celebrations	M	The summer holiday	M	Westman Islands	D	April Fool's day	M	Train your brain	E	Frankenstein	M		
Unsolved mysteries	M																																						
Strange crimes	E																																						
Contacting aliens	E																																						
A favour from a friend	E/M																																						
The milk	E/M																																						
Should I or shouldn't I	M																																						
The hidden people of Iceland	M																																						
Train your brain	E/M																																						
The missing painting	D																																						
Frankenstein	M																																						
Unique places	M																																						
New Year's Eve around the world	M																																						
Icelandic celebrations	M																																						
The summer holiday	M																																						
Westman Islands	D																																						
April Fool's day	M																																						
Train your brain	E																																						
Frankenstein	M																																						

Vinnubækur

Vinnubækurnar með efninu eru tvær. Verkefni með þremur fyrstu köflum lesbókar eru í A-bók og í B-bók eru verkefni með þremur síðari köflunum.

Upphafssíða

Hver kafli hefst á myndasíðu sem getur bæði nýst sem einhvers konar kveikjusíða en enn fremur sem samantekt á orðaforða. Þarna ættu svo nemendur að geta leitað til að rifja upp orðaforða kaflans.

Talk about ...

Talbólurnar eiga að nýtast sem byrjun á umræðu tveggja eða fleiri nemenda. Hér er hugmyndin að nemendur þjálfist í að nota tungumálið sín á milli. Slíkt getur reynst erfitt, sérstaklega að byrja og nota nemendur þá talbólurnar sér til stuðnings.

Hidden message

Í lok hvers kafla í vinnubók eru falin skilaboð sem þarf að ráða. Skilaboðin eru ætíð setning eða orðsending sem tengist efni kaflans.

Spil

Á eftir tveimur köflum í vinnubók A og einum í vinnubók B eru spil. Hugmyndin er að enda kaflana á skemmtilegan hátt og nota um leið þann orðaforða sem einkennir hvern og einn.

Þyngdarflokkun verkefna

E – Easy

M – Middle

D – Difficult

Fortune-telling

The star signs	M	The fortune-teller	M
True or false	M	The fortune-teller – questions	E
Your classmates' star signs	E	Iceland and fortune-telling	M
Write the months	E	The scorpion – find the words	M
Today's horoscope	E	The scorpion – best answer	M
Ethan and Melinda – listening	M	The scorpion – pair the sentences	M
Short summary in a comic way	M	The scorpion – questions	M
Crossword	D	Adjectives	M
Your future in your palm	M	Word search	D
Lottery winners – listening	M	Small, smaller or the smallest	M
The Locket	M	Make a fortune-telling beak	E
Synonyms	M	Hidden message	M

Lifestyle

Unusual sports – questions answers	M	Ironman – questions	M
Unusual sports – fill in the blanks	M	Verbs	M
Unusual sports – Tick the words	E	Ironman – explain in english	D
Verbs – drawing	E	Word search	D
Writing	M	Exam stress	E
Verbs	D	Talk about your feelings	M
Parkour – tick the box	M	What is your exercise routine like? – listening	M
Parkour – synonyms	D	Iceland and the Olympics – true or false	M
Parkour – words in the correct order	M	Iceland and the Olympics – questions for the answers	D
A few points about your health – journal and questions	E	Pair synonyms	D
Food circle	D	Listen to the specialists – listening	M
Food circle – questions	D	A day in Aiden's life	M
Hobbies – listening	M	Hidden message	M
Crossword	M		

Crimes and Mysteries

Unsolved mysteries – mark where each sentence belongs	M	A favour from a friend – synonyms	D
Unsolved mysteries – writing	M	A favour from a friend – the odd one out	M
The robbery – listening	M	The milk – translate the words	M
Where is the thief – listening	M	The milk – missing words	M
Who is who? – listening	M	Crossword	M
Talk about mysterious things	M	Should I or shouldn't I – questions	M
Strange crimes – crossword	M	Verbs	D
Strange crimes – synonyms	D	Telling time	E
Word search	D	Joe's strange day	M
True stories – listening	M	The hidden people of Iceland – writing	M
A favour from a friend – correct the sentences	D	The hidden people of Iceland – picture	M
		Hidden message	M

Communication

Do or don't	M	Talk about communication	D
Pair the nouns	E	Don't judge a book by its cover	D
Go to school – writing	M	Don't judge a book by its cover – questions	M
Communication from the past	M	Don't judge a book by its cover – synonyms	M
Crossword	M	Don't judge a book by its cover – fill in the missing words	E
Sarah's clothes – listening	M	Do you know your partner	M
Interviews	M	Poem	M
Ways to communicate – true or false	D	Your own communication	D
Rime	D	Knowing Me Knowing You – listening	M
Word search	M	Hidden message	M
New technology	E		
Pen pals – listening	M		
Personal pronouns	M		

Þyngdarflokkun verkefna

E – Easy

M – Middle

D – Difficult

All kinds of fame

Unforgettable musicians – who did what?	M	One more	M
Unforgettable musicians – true or false	M	Fame – listening	E
A/an	M	Halldór Kiljan Laxnes	M
Who is your favourite musician?	M	What do you watch?	M
Human behavior – what is the song about	M	Movies to remember	D
Human behavior – words	M	Two at a café – listening	M
My own poem	M	Word search	M
Women who influenced the world – mixed up	M	A/an	M
Women who influenced the world – blanks	D	New York – listening	M
Crossword	M	Talk about movies and actors	M
		A werido or a genius	M
		A werido or a genius – questions	M
		A weirdo or a genius – quotes	M
		Hidden message	M

Travel and culture

Unique places	E	Crossword	M
Crossword puzzle	M	News – writing	M
What fits you best?	E	Singular and plural	E
New Years Eve – true or false	M	At the travel agency – listening	M
New Years Eve – fill in the blanks	M	Weather forecast – listening	M
New Years Eve – writing	M	April Fool's Day	M
Icelandic Celebrations	D	Summer holiday – listening	E
Westman Islands – questions	M	Hidden message	M

Fortune-telling

Markmið kaflans eru að nemendur

- þjálfist í notkun raðtalna.
- læri mánaðaheiti og kynnist stjörnumerkjunum.
- læri einföld atriði í tengslum við lýsingarorð.

Efni kaflans er hugsað til skemmtunar og til að vekja áhuga nemenda á lestri. Hugmyndin er að hver og einn geti lesið sína stjörnuspa og velt vöngum yfir henni og ýmsu öðru sem tengist spádómum og aðferðum þeirra. Einfalt er að dýpka þetta efni með ítarefni úr tímaritum eða af netinu.

Kveikjusíða – lesbók

Upphafssíða kaflans er hugsuð sem kveikja að kaflanum en hún býður upp á ýmsa möguleika.

- Nemendur skoða myndina, leggja hana á minnið, loka bókinni og reyna svo að muna hvað þeir sáu.
- Umræður um myndina – stuðst er við spurningarnar á síðunni.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort saman yfir orð og hugtök.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja enn frekari áhuga nemenda á efninu. Gott er að hafa fjölbreyttar kveikjuaðferðir við kennsluna.

Fortune-tellers – lesbók

Þessi kafli er hugsaður sem inngangur að kaflanum. Kennara er í sjálfsveld sett hvernig hann nýtir spurningarnar. Ekki er endilega til þess ætlast að þeim sé svarað á blað heldur eru þær fremur hugsaðar til að vekja áhuga nemenda á efninu með umræðum. Út frá slíkum umræðum vakna oft enn fleiri spurningar og gaman er að byrja kaflann með áhugasömum nemendum.

The star signs – lesbók og vinnubók

Hér er löngum texta skipt upp í 12 stutta texta. Einfaldari nálgun væri að nemendur læsu einungis hluta af efninu, t.d. eingöngu um sitt eigið stjörnumerki. Nokkrar spurningar eru í lok textans sem hægt er að nýta í umræður á ensku eða til ritunar.

Í vinnubókinni er unnið með raðtölur og mánaðaheiti. Æskilegt er að rifja þessi atriði upp á töflu áður en nemendur vinna verkefni.

Loks er verkefni þar sem nemendur eiga að finna eigin stjörnuspá í einhverjum miðli og skrifa hana niður. Þetta verkefni gæti hentað vel sem heimavinna.

Your future in your palm – lesbók og vinnubók

Þegar nemendur komast að því að þeir geta skoðað lófa sinn og gert sína eigin spá ætti textinn að verða enn áhugaverðari. Það getur reynst vel að ræða aðeins um lófalestur áður en nemendur lesa textann. Við lok lestursins ættu allir nemendur að vera niðursokknir við nákvæmnislestur til að komast að raun um eitt og annað hjá sjálfum sér.

Efni textans býður upp á fjölbreytta vinnu. Til dæmis mætti láta nemendur teikna lófa sinn á blað, líma á karton og lesa í hann. Þeir gætu skrifað niðurstöður lófalesturs á kartonið og hengt upp á vegg.

Til að þjálfa talmál er lagt til að nemendur lesi í lófa hver annars. Verkefnið í vinnubók er ritunarverkefni.

The locket – lesbók og vinnubók

Þessi saga hefur engan endi og gefur það mikla möguleika á að vinna með hana. Eftir lesturinn er tilvalið að fá skoðanir nemenda á því hvað gæti gerst næst og hvaða tilfinningar vakna þegar þeir fá ekki að vita meira. Ritunarverkefni er strax á eftir lestrinum og gaman getur verið að vinna meira með það. Ein hugmynd er að láta nemendur lesa sinn endi fyrir bekkinn. Eins gæti hver nemandi skilað sínum endi til kennara, nafnlaust. Kennarinn útbýtir textunum aftur til nemenda og hver og einn les upp þann texta sem hann fær í hendur. Reynslan hefur sýnt að nemendum þykir oft erfitt að lesa sinn eigin texta en auðveldara að lesa texta frá öðrum.

Það getur verið skemmtilegt að nemendur endursegi söguna, jafnvel með myndum. Þá má skipta sögunni í nokkra hluta og nemendum í hópa og láta þá vinna hvern með sinn hluta.

Lagið Fortune-teller – vinnubók

Nemendur hlusta á lagið, fylla inn í eyðurnar og svara léttum spurningum. Gaman gæti verið að rýna ítarlega í textann. Hægt er að biðja nemendur að skrifa sögu um textann, leika söguþráð textans eða jafnvel syngja.

Flutning lagsins má nálgast á eftirtöldum slóðum:

<http://www.youtube.com/watch?v=c9OqlomjF5s&feature=related> <http://www.youtube.com/watch?v=ELZzK8EJ8RE&feature=related>

Iceland and fortunetelling – lesbók og vinnubók

Eftir þennan lestur er tilvalið að hafa umræðutíma og hvetja alla til að tala ensku. Verkefnið í bókinni miðar að því að fræðast frekar um efnið heima og er þá tilvalið að nemendur segi frá því sem þeir lærðu og jafnvel skrifi niður og setji upp á veggspjöld. Hægt að skipta nemendum í hópa eða láta þá vinna í pörum. Ýmsir möguleikar eru á vinnu með þennan efnisþátt eftir hentugleikum hvers og eins.

Talbólurnar nýtast bæði fyrir bekkjarumræður, þar sem kennarinn stjórnar umræðum, og samtöl milli nemenda þar sem skipt er í litla hópa og þeir ræða saman innan hópsins. Kennari getur svo tekið saman aðalatriðin í lokin.

The scorpion – lesbók og vinnubók

Þetta er „hryllingssaga“. Gjarnan mætti deyfa ljósin og lesa söguna þannig fyrir nemendur til tilbreytingar. Mjög gagnlegt er að ræða um söguna á ensku eftir lesturinn. Nemendur eru oft tilbúnir til að reyna að tala á ensku þegar þeir vilja segja sína skoðun.

Make a fortunetelling beak – vinnubók

Verkefni þar sem nemendur gleyma því að þeir séu að læra eru alltaf skemmtileg. Hér þurfa nemendur að lesa sér til og skilja hvað er átt við og skrifa inn í gogginn.

Board game – vinnubók

Hér þurfa nemendur tening og eitthvað smátt, t.d. strokleður, til að nota sem spilapeð. Hvetja ætti nemendur til að lesa upphátt þegar þeir lenda á reit með upplýsingum.

Lifestyle

Markmið kaflans eru að nemendur

- fái upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl og þjálfist í notkun orðaforða sem tengist honum.
- rýni í eigin lífsstíl til að stuðla að aukinni sjálfsvitund.
- læri einföld atriði í tengslum við sagnorð.

Í kaflanum fræðast nemendur um ýmislegt tengt lífsstíl. Orðaforðinn er mikið tengdur íþróttum og fæðu. Sagnir eru teknar fyrir þar sem þær tengjast að miklu leyti hreyfingu. Farið er í nútíð og þátíð sagna. Einföld hugmynd til að kenna beygingu sagna er að fara með nemendum í sagnaleikfimi. Hún byggist þannig upp að nemendur standa upp og **snerta á sér tærnar þegar sögnin er í nafnhætti** (eða er skrifuð eins og í nafnhætti), **hendur á mjaðmir þegar sögnin er í þátíð og hendur upp í loft þegar hún er í lýsingarhætti þátíðar**.

Dæmi: be – was – been (tær, mjaðmir, upp í loft)

cut – cut – cut (tær, tær, tær)

Kveikjusíða – lesbók

Upphafssíða kaflans er hugsuð sem kveikja að kaflanum. Síðan býður upp á ýmsa möguleika.

- Umræður um myndina, stuðst er við spurningarnar á síðunni.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort saman.
- Umræður um skoðun nemenda á efni kaflans.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja áhuga nemenda á efninu.

Unusual sports – lesbók og vinnubók

Hér eru nokkrir stuttir textar sem mynda eina heild en þó er hægt að velja einhvern einn eða tvo texta fyrir þá nemendur sem þurfa eða leyfa þeim að velja sjálfum. Við lok textans í lesbókinni er hugmynd að netverkefni. Hægt er að gera þetta að stóru verkefni með því til dæmis að skipta í hópa og láta nemendur finna mismunandi óvenjulegar íþróttagreinar. Þeir geta svo lokið við verkefnið með „show and tell“, þ.e. sýnt hinum myndir af íþróttinni og sagt frá henni. Einfaldari útgáfa er þannig að hver og einn vinni sitt verkefni og skili því til kennara. Í slíkri einstaklingsvinnu væri einnig möguleiki á að safna upplýsingunum saman og útbúa einhvers konar bækling.

Parkour – lesbók og vinnubók

Parkour er íþrótt sem hefur notið vaxandi vinsælda. Mikið er til af myndböndum á netinu með parkour sem gæti verið gaman að sýna nemendum. Eins hefur parkour verið nýtt í kvikmyndum. Sem skemmtilega kveikju mætti hugsa sér að byrja á að sýna nemendum myndband af netinu með parkour-æfingum, ræða stuttlega um hvað nemendur vita um þessa íþrótt og síðan lesa kaflann. Ef nemendur eru mjög áhugasamir er upplagt að leita að meiri upplýsingum um parkour, finna fleiri texta á netinu og láta nemendur lesa sér meira til um íþróttina.

Á neðangreindum slóðum má finna myndbrot um parkour-íþróttina:

<http://www.youtube.com/watch?v=cNvJy0zoXOY&feature=fvst>

<http://www.youtube.com/watch?v=WkHPQPozDRs&feature=fvst>

<http://www.youtube.com/watch?v=WEeqHj3Nj2c>

<http://www.youtube.com/watch?v=x98jCBnWO8w>

Did you know – lesbók

Þessi texti er hugsaður sem skemmtilestur, flestir geta lesið stuttar setningar og ætti textinn því að henta flestum. Töluvert er til af vefsíðum með staðreyndum sem hentugt væri að nýta til áframhaldandi vinnu með þetta efni. Þá gætu nemendur sjálfir fundið staðreyndir, skráð niður og kynnt fyrir samnemendum. Önnur hugmynd er að kennarinn komi með staðreyndir á blaði þar sem sumar eru ekki réttar. Nemendur þurfa þá að ræða saman um hvað þeir telja rétt og hvað ekki. Slíkt verkefni mætti nýta sem samtalsverkefni.

Ýmsar vefsíður sem gætu komið að gagni:

<http://www.world-english.org/facts.htm>

<http://www.greatfacts.com/>

<http://www.amusingfacts.com/>

<http://www.iceland.is/country-and-nature/basic-facts>

<http://www.visiticeland.com/DiscoverIceland/FactsaboutIceland/>

A few points about your health / Foodcircle – lesbók og vinnubók

Í lesbók eru margir stuttir textar sem eru mjög þungir og mikilvægt að kennari aðstoði nemendur og stýri þeim í gegnum þennan lestur.

Í vinnubók eiga nemendur að fylla út í töflu um sjálfa sig í þrjá daga. Hugmyndin er að þeir líti í eigin barm og hugsu um hvort þeir drekki nóg vatn og borði nóg af ávöxtum og grænmeti. Ekki er ætlast til að þeir fari að reikna hitaæiningar eða neitt slíkt, heldur hugsu um hvað þeir geta gert til að viðhalda heilbrigði og vellíðan. Þetta gæti að einhverju leyti tengst öðrum námsgreinum eins og náttúrufræði, lífsleikni og heimilisfræði. Mikið ítarefni um þetta er að finna á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is

Í „Foodcircle“ eiga nemendur eingöngu að setja matvælin á rétta staði í fæðuhringnum. Hér eru margar fæðutegundir sem þeir þekkja kannski ekki. Því er tilvalið að fjalla um þær með þeim og rifja upp hinar sem þeir þekkja.

Ironman – lesbók og vinnubók

Hér mætti hafa skemmtilega kveikju áður en textinn er lesinn. Til dæmis að nota orðin Swim 3,86 km, bike 180,25 km and run 42,2 km in a day. Nemendur hafa án efa eitthvað um þetta að segja og gæti þetta vakið áhuga þeirra á að lesa textann. Við lok texta er reynt láta nemendur skynja hversu löng vegalengd einn kílómetri er. Það má skoða til dæmis á ja.is. Markmiðið er að auðvelda nemendum að átta sig á þeim vegalengdum sem um ræðir.

Exam stress– lesbók og vinnubók

Margir nemendur verða mjög stressaðir í kringum próf og því er gott að ræða það. Þessi texti er tilvalinn til þess. Í vinnubók er tafla sem nemendur fylla út um sjálfa sig og þeir geta svo jafnvel skoðað hana með foreldrum og rætt það sem betur má fara. Taflan er einungis hugsuð til gamans og umhugsunar og sýnir ekki streitueinkenni nemenda á nokkurn hátt. Talbólurnar í þessum kafla eru tileinkaðar tilfinningum. Eftir lesturinn og verkefnið ættu nemendur að vera nokkuð reiðubúnir að ræða þessi atriði.

Iceland and the Olympics – lesbók og vinnubók

Þessum texta er ætlað að upplýsa nemendur um þá Íslendinga sem hafa unnið til verðlauna á Ólympíuleikum. Textinn er e.t.v. ívið þyngri aflestrar en margir aðrir en honum er skipt upp í nokkra styttri hluta. Við lok textans er spurning til nemenda um hvað þeir telji að þurfi að gera til að keppa á Ólympíuleikunum. Margir nemendur eru á fullu í íþróttum og hafa mikið hugsað um stórmót sem gaman væri að komast á. Hægt er að dýpka efnið og láta nemendur skrifa aðeins um hvað þeir telji að þurfi til að komast á slíkt stórmót, eins og t.d. rétt viðhorf, jákvæðni og annað slíkt. Einnig geta þeir bætt við hvaða íþróttagrein þeim finnst mest gaman að fylgjast með á Ólympíuleikunum.

A day in Aiden's/Charlotte's life – vinnubók

Hér er stutt ritun með nokkrum orðum gefnum. Þessi orð tengjast kaflanum (mataræði, tilfinningar og íþróttir). Rituninni er ætlað að hjálfa nemendur í að nota þennan orðaforða.

Are you a good actor? – vinnubók

Í þessu spili gefst tækifæri til að æfa sagnir og nemendur þurfa að tjá sig með leikrænni tjáningu. Meðspilarar eiga að giska og verða að tala ensku. Kennari þarf að ljósrita og klippa út spjöld fyrir nemendur. Gott er að plasta spjöldin og halda þeim til haga svo ekki þurfi að ljósrita ný á hverju ári. Nota þarf tening og spilapeð eða annað. Spilareglur er best að ákveða með hliðsjón af getu nemenda.

Hægt er að spila spilið á tvo vegu. Annars vegar eingöngu sem látbragðsleik („actionary“) þar sem nemendur lesa á spjöldin, leika og hinir giska. Hins vegar má kenna beygingu sagna samhliða spilinu og láta nemendur beygja sagnirnar og jafnvel segja hvort sögnin sé regluleg eða óregluleg.

Kennari getur svo ákveðið frekari útfærslu, t.d. að ef lent er á hvítum reit skuli setja sögnina í þátíð. Ef lent er á dökkbláum skuli segja hvort sögnin sé regluleg eða óregluleg. Ef lent er á ljósbláum reit á að beygja sögnina í kennimyndum (eat – ate – eaten).

Run	Jump	Eat
Sing	Fly	Smile
Cry	Read	Write
Pray	Play	Swim
Dance	Die	Agree
Bake	Answer	Beg
Enter	Learn	Offer
Joke	Talk	Sleep



Try	Switch	Type
Wave	Weigh	Work
Worry	Whisper	Yell
Yawn	Walk	Visit
Scream	Spill	Save
Stop	Rain	Phone
Kiss	Kneel	Joke
Invite	Hate	Grab
Follow	Dress	Cycle
Ask	Colour	Clap
End	Escape	Dream
Sail	Shop	Squeeze

Crimes and mysteries

Markmið kaflans eru að nemendur

- Þjálfist í notkun orðaforða sem oft kemur fyrir í sögum, fréttum og sjónvarpi.
- Þjálfist í að nota orðaforða tengdan tíma og klukku.
- Þjálfist í notkun á algengum forsetningum.

Í þessum kafla er fjallað um forsetningar. Hægt er að gera margt í tengslum við þær, t.d. skrifa þær upp á töflu og fela svo nemendum ýmis skemmtileg verkefni, til að mynda að láta þá fylgja fyrirmælum um að setja tuskudýr ofan á borðið, undir borðið, við hliðina á borðinu og svo framvegis. Einnig geta þeir skrifað setningarnar á blað eða í stílabók.

Kveikjusíða – lesbók

Upphafssíðu kaflans er ætlað að vera kveikja hans. Hægt er að hugsa sér ýmsa möguleika.

- Hlusta á lagið, t.d. í gegnum www.youtube.com á slóðunum <http://www.youtube.com/watch?v=fmnvAyxuHs0> (lag en aðeins texti á skjá) eða <http://www.youtube.com/watch?v=JMjU1c8sCo4&feature=related> (tónlistarmyndband með Elvis)
- Hafa umræður um myndirnar.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort í sameiningu.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja enn frekari áhuga nemenda á efninu.

Unsolved mysteries – lesbók og vinnubók

Hér eru margir stuttir textar. Hugmynd að verkefni við lok texta gæti verið að vinna frekar með eina af ráðgátunum. Nemendur vita margir hverjir heilmikið um slíkt efni, t.d. úr sjónvarpinu. Hægt er að láta nemendur vinna þetta í litlum hópum og sýna bekkjarfélögum afraksturinn.

Í vinnubók er stutt ritun þar sem nemendur segja frá einhverju öðru og eru gefnar fjórar hugmyndir. Auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu að nemendur skrifi um eitthvað annað sem þeim dettur í hug og tengist efninu.

The robbery – vinnubók

Í þessu verkefni er byrjað á hlustun og nemendur merkja inn á kortið.

Næst er talæfing þar sem nemendur setja sig inn í ímyndaðar aðstæður og segja frá einhverju eða semja sögu.

Þá er aftur hlustunaræfing þar sem nemendur æfa forsetningar. Kennari gæti þurft að kenna forsetningarnar fyrst frá töflu. Síðan skrifa nemendur um sig og nota forsetningarnar sem þeir voru að læra.

Who is who?

Hér má sjá andlitsmyndir og nemendur þurfa að hlusta og komast að því hverjir þjófarnir þrír eru.

Í æfingunni „Guess who“ vinna tveir og tveir saman og hvor fyrir sig ákveður eina persónu sem hann eða hún vill vera. Svo skiptast nemendur á að spyrja spurninga sem hægt er að svara með já eða nei til að komast að því hver maðurinn er. Dæmi: Is your person a woman? No (þá getur sá aðili útilokað allar konur. Does your person have a tattoo? Yes (þá einangrast manneskjan við einhvern með húðflúr), o.s.frv.

Síðasti áfanginn í þessu verkefni er ritunarverkefni.

Strange crimes – lesbók og vinnubók

Hér eru þrjár stuttar, sannar sögur. Gaman getur verið ef kennari leitar að fleiri sambærilegum fréttum á netinu og segir nemendum frá eða lætur þá lesa. Nemendur gætu allt eins leitað sjálfir að slíku efni, t.d í heimavinnu eða samið slíka sögu frá grunni. Hafa þarf í huga að fylgjast með efni sem nemendur skoða á netinu áður en það er notað í kennslunni og náminu.

Eftirtaldir vefsíður gætu nýst í tengslum við verkefnið:

<http://weirdnews.about.com/od/dumbcriminals/tp/Dumb-Crime-D-Jour-3-08.htm>

<http://www.newser.com/tag/53357/1/weird-crimes.html>

<http://www.realitytvworld.com/index/articles/popnewscathome.php?x=10>

Contacting aliens – lesbók

Þetta er samtal og gagnlegt er fyrir nemendur að prófa að leiklesa það saman. Oft reynist sumum nemendum auðveldara að lesa ensku þegar þeir geta brugðið sér í hlutverk annarra. Nemendur gætu einnig spreytt sig á að búa sjálfir til samtal. Þá gæti verið áhugavert fyrir þá að breyta samtalinu í leikþátt þar sem þeir skiptast á hlutverkum. Einnig er hægt að semja framhald af samtalinu.

A favour from a friend – lesbók og vinnubók

Að lestrinum loknum er gaman að leyfa nemendum að velta því fyrir sér hvort slíkt geti gerst í raun og veru. Fyrsta verkefni í vinnubók gæti reynst krefjandi en þar á að finna hvað er rangt við setningarnar og endurskrifa þær réttar.

The milk – lesbók og vinnubók

Sagan er hugsuð sem kveikja að eigin draugasögu nemenda. Hér væri fróðlegt að fara með þeim í hefðir eins töluna 3 í svona sögum og aðrar venjur sem tíðkast í sögum og ævintýrum.

Should I or shouldn't – lesbók og vinnubók

Þetta er klípusaga um búðahnuþl. Mikilvægt er að bekkjarumræður eigi sér stað eftir lesturinn. Þessi saga tengist siðfræði og lífsleikni. Spurningar til að hefja umræðuna eru strax í kjölfar textans. Í vinnubókinni er einnig minnt á sagnir og klukkan er tekin fyrir.

Joe' and the UFO – vinnubók

Hér er ritun. Kennari gæti byrjað á að fjalla um nafnorð, lýsingarorð og sagnir. Gott er að kenna nemendum að nýta sér orðabækur og að rissa upp hugmyndir sínar áður en þeir byrja ritunina.

The hidden people of Iceland – lesbók og vinnubók

Þetta er stuttur texti um álfa og huldufólk á Íslandi. Á eftir textanum eru spurningar sem má svara munnlega eða skriflega. Í vinnubók er öðruvísi ritunarverkefni þar sem tveir og tveir vinna saman. Hér er svo aftur farið í forsetningar með einföldu verkefni.

The missing painting – A detective game – lesbók

Hér er þraut eða leikur þar sem málverki hefur verið stolið. Til að hægt sé að leysa þrautina þurfa nemendur að fá eftirfarandi vísbendingar. Skemmtilegast er að þeir fái fyrri hlutann fyrst, leysi þá þraut og fái þá restina til að klára. Til að einfalda nemendum verkefnið er mjög gott að sýna þeim töfluna hér fyrir neðan. Hana má prenta út eða teikna upp á töflu.

Fyrri vísbendingar

1. The man on the top floor was Polish.
2. Max, 55, desperately needed money.
3. Jacob was on the second floor.
4. The 28 year old and the Pole were on adjoining floors.
5. Jane, who was 79, could hear the 55 year old in the flat above.
6. The Argentinian's name was Fred.

Where does Greg live?

Seinni vísbendingar

7. The American was 41 year old.
8. The Russian had a secret closet in his bedroom.
9. The 22 year old, who was addicted to stealing and the one who had hidden storage in his walls, were on adjoining floors.
10. The Indian was an art collector.
11. The person who had space under the floor considered himself to be the rightful owner of the painting.
12. The person addicted to stealing and the man who hated the janitor were on adjoining floors.
13. The person who was addicted to stealing had a place above the ceiling to hide the stolen thing.
14. The guilty one has no place to hide the painting.

Who stole the painting?

Floor	Names	Age	Nationality	Reason	Place to hide
4					
3					
2					
1					
Ground floor					

Lausn er að finna í lausnahefti á læstu vefsvæði á nams.is.

Communication

Markmið kaflans eru að nemendur

- þjálfist í samtölum.
- fái innsýn í þróun samskipta.
- þjálfist í notkun helstu persónufornafna.

Í þessum kafla er fjallað um samskipti út frá ýmsum hliðum, gömul samskiptaform skoðuð og hugað að því hvernig við komum fram hvert við annað. Auk þess er tenging við netið og það samskiptaform sem nemendur þekkja þaðan. Kjörið tækifæri er að nýta kaflann í umfjöllun um siðferði í samskiptum á netinu. Í málfræðiáherslu kaflans er kynning á persónufornöfnum. Auðvelt er að nálgast ítarefni um persónufornöfn á netinu, sjá t.d. slóðir á bls. 5 í kennsluleiðbeiningunum.

Kveikjusíða – lesbók

Sem fyrr er upphafssíða kaflans hugsuð sem kveikja. Hægt er að hugsa sér ýmsa möguleika í þessum efnum.

- Nemendur lesa saman ljóðið og ræða innhald þess.
- Nemendur semja sjálfir ljóð í þessum stíl.
- Umræður um myndina.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort í sameiningu.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja enn frekari áhuga nemenda á efninu.

Go to school – dialouge – lesbók og vinnubók

Í lesbókinni eru tvö samtöl um sama efnið, annað er á jákvæðum nótum en hitt neikvæðum. Hér eiga nemendur að skoða hvernig það skiptir máli hvað við segjum og hvernig það hefur áhrif á okkur. Mjög gott er að fara vel í þetta með bekknum og nota spurningarnar á eftir samtalinu. Í vinnubók semja nemendur samtal sjálfir og reyna að vanda orðaval sitt. Tveir og tveir vinna saman og annar er pabbinn og hinn Hanna. Að rituninni lokinni er tilvalið að lesa fyrir bekkinn og ræða hvort eitthvað hefði mátt betur fara. E.t.v. væri gott að benda nemendum á að pabbinn segir ekki samstundis já við Hönnu heldur ræða þau málið aðeins.



Communication from the past – lesbók og vinnubók

Hér eru aftur nokkrir stuttir textar og þá er eins og áður hægt að velja hversu marga texta nemendur lesa til að laga efnið að þörfum hvers og eins. Hugsanlega mætti láta nemendur ræða við foreldra eða afa og ömmu um hvernig síminn var þegar þau voru ung. Þá mætti einnig hugsa sér að ræða um þróunina og breytingu á samskiptum í árána rás.

Einnig gæti verið skemmtilegt að fá nemendur til að velja fyrir sér muninum á samskiptum augliti til auglitis og í gegnum tölvu. Aldrei er of oft minnt á að allt sem fer á netið er komið þangað til að vera og að við getum í raun aldrei verið viss um við hvern við erum að tala í gegnum samskiptasiður á netinu.

Ways to communicate – lesbók og vinnubók

Við tjáum okkur ekki einunigs með því að tala heldur á marga aðra vegu. Í lesbókinni eru nokkrir stuttir textar um ólík tjáningar- og samskiptaform og eftir hvern texta eru spurningar sem hægt er að vinna skriflega eða munnlega, með eða án aðstoðar kennara. Einnig er eitt stutt verkefni eftir hvern texta sem reynir á samskiptaleiðina sem um ræðir.

Don't judge a book by its cover – lesbók og vinnubók

Þetta er málsháttur sem á oft við, hvort sem er í bókstaflegri merkingu eður ei. Í vinnubókinni eru spurningar sem eru ekki beint úr bókinni og ekki til eitt rétt svar við þeim. Gott og gagnlegt er að fjalla um spurningarnar uppi á töflu til að þær nýtist sem best. Einnig er hér verkefni um fornöfn sem er í þyngri kantinum. Það er kennarans að ákveða hvort eða hvernig hann nýtir það verkefni.

The party – a dialouge – lesbók

Þetta er samtali milli foreldris og barns. Nemendur ættu að geta ímyndað sér þessar aðstæður og gætu jafnvel leiklesið textann. E.t.v. gæti verið skemmtilegt fyrir nemendur að útbúa sitt eigið samtali í paravinnu og lesa/leika fyrir bekkinn.

Do you know your partner? – vinnubók

Hér er einfalt ritunarverkefni sem unnið er með sessunaut. Nemendur eiga að skrifa setningar um sjálfa sig sem eru sannar eða ósannar og sessunautur á að reyna að komast að hvað er satt eða ósatt.

Poem – vinnubók

Nemendur skrifa einfalt ljóð eða rím um hamingju og þurfa að notast við orðið Happy. E.t.v. mætti koma nemendum af stað með því að biðja þá að finna rímorð og skrifa á töfluna.

Your own communication – vinnubók

Hér þurfa nemendur að velja fyrir sér eigin samskiptum. Þeir velja fyrir sér tilteknum degi í lífi sínu og fylla út töfluna. Hvers konar samskipti hef ég átt, hvað var ég að gera og hvernig leið mér?

Dæmi:

What kind of communication	What were you doing	How did you feel
Mobiletelephone	Talking on my mobile	I felt good; I was talking to my mum.
Online	“Talking” to my friend.	It felt great, she had some news for me.

Knowing me knowing you – vinnubók

Hér birtist textinn við Abba-lagið „Knowing me knowing you“. Mikið efni er til um ABBA á netinu og væri ekki úr vegi að hafa stutt ABBA-þema og kynna þessa frábæru hljómsveit fyrir nemendum.


Lagið má finna á þessari slóð <http://www.youtube.com/watch?v=6MjH9mJcP6E>

Hér á eftir eru ýmsar vefsíður um Abba.

<http://www.abbasite.com/>

<http://www.abbasite.com/articles/articles/knowing-me-knowing-you---three-decades-of-heartache>

<http://www.qualitytime-esl.com/spip.php?article260>



Boardgame – vinnubók

Nemendur spila nokkrir saman. Á dökkbláum reitum draga nemendur spjald þar sem þeir þurfa að tala en á hvítum draga þeir spjald þar sem þeir þurfa að tjá sig á annan hátt. Hér þarf kennari að klippa út spjöld fyrir nemendur, gott er að plasta spjöldin svo þau nýtist oftar en einu sinni.

White cards

Shake hands with everyone in your group.	Sing a little song for your group.	Make a poem (verbally) about friends.
Draw a picture of yourself.	Dance a dance which shows how you feel.	Make body language showing that you are angry.
Make body language showing that you are happy.	Make body language showing that you are sad.	Make body language showing that you are sorry.
Make body language showing that you are surprised.	Make body language showing that you are scared.	Shake your head and roll your eyes.

Dark blue cards

Tell your friends about your favourite meal.	Tell your friends about your family.	Talk to the person sitting next to you about a sport you like.
Talk to the person sitting next to you about summer.	Tell your friends about a book you like.	Talk to the person sitting next to you about today's lunch.
Tell your friends about a film you like.	Tell your friends about your favorite subject in school.	Talk about a hobby.
Talk about a holiday you have been on.	Talk about a book you have read.	Talk about your favourite TV show.
Talk about your favourite band.	Talk about your favourite movie.	Talk about famous people.
Describe what you are wearing.	Describe the classroom.	Describe the teacher.
Describe the school.	Describe your room.	Describe your house.

All kinds of fame

Markmið kaflans eru að nemendur

- kynnist og þjálfist í að nota orðaforða sem tengist kvikmyndum, tímaritum og greinum.
- rifji upp reglur um ákveðinn og óákveðinn greini.

Í þessum kafla er fjallað um frægt fólk annars vegar og hins vegar um kvikmyndir. Vakin er athygli á að fólk getur verið frægt fyrir ýmislegt. Orðaforði kaflans miðar að því að þjálfna nemendur í að þekkja orð og hugtök sem tengjast kvikmyndum, sem og orðaforða sem líklegur er til að birtast í blöðum og tímaritum. Ákveðinn og óákveðinn greinir eru kynntir með tilheyrandi æfingum.

Kveikjusíða – lesbók

Eins og áður er upphafssíða kaflans hugsuð sem kveikja og býður upp á ýmsa möguleika.

- Ræða spurningarnar.
- Umræður um myndina.
- Nemendur telja upp hvað er á myndinni.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort í sameiningu.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja enn frekari áhuga nemenda á efninu.

Unforgettable musicians – lesbók og vinnubók

Hér eru nokkrir textar um þekkta tónlistarmenn.

Í vinnubók er fjallað um ákveðinn og óákveðinn greini, m.a. í tengslum við textann.

Who is your favourite musician? – vinnubók

Þetta er krefjandi verkefni þar sem nemendur þurfa að afla upplýsinga um sinn uppáhaldstónlistarmann og skrifa stuttan texta um hann eða hana. Hægt er að auka við verkefnið með því að láta nemendur kynna hver fyrir öðrum eða í litlum hópum. Þá væri tilvalið að nota miðla eins og glærusýningu og netið til að nemendur geti látið sköpunargleðina njóta sín í kynningum sínum.

Björk – Human behaviour – lesbók og vinnubók

Þetta er einn af þekktari textum Bjarkar. Gaman er að rýna í textann og reyna að skilja hann. Mismunandi útgáfur eru á netin um merkingu textans. Gjarnan mætti fjalla um það með nemendum að lagasmíð er góð tjáningarleið og það reynir á hugsun og sköpunargleði að semja fallegan texta.

Tónlistarmyndbandið með laginu má finna á slóðinni

<http://www.youtube.com/watch?v=Ps7uk99XzsU>

Heimasíða Bjarkar: <http://bjork.com/>

Women who influenced the world – lesbók og vinnubók

Þetta eru nokkuð þungir textar en mjög fræðandi og tengjast nokkuð sagnfræði. Í vinnubók er verkefni í lokin þar sem nemendur einir eða í hóp reyna að muna eftir einhverjum öðrum sem þeir telja að hafi haft áhrif á umheiminn. Hægt er að hafa þetta sem ritunarverkefni eða einungis spjallverkefni.

Fame – vinnubók

Bíómyndin *Fame*, sem upphaflega kom út árið 1980, var endurútgefin árið 2009 svo mögulega hafa einhverjir nemendur séð hana. Mikið er af myndböndum á netinu og gaman gæti verið að horfa bæði á gamalt efni og nýtt til að bera það saman. Nemendur hlusta á titillagið og fylla inn í eyður og syngja með.

Titillagið í myndinni frá 1980 er á slóðinni

<http://www.youtube.com/watch?v=nTJHjuhCYos>

Titillagið í endurgerð myndarinnar frá 2009 er á slóðinni

http://www.youtube.com/watch?v=UuFKv7__G08&ob=av3e

Fleiri slóðir:

http://www.youtube.com/watch?v=UuFKv7__G08&ob=av3e – um myndina 1980.

<http://www.imdb.com/title/tt1016075/> – um myndina 2009.

[http://www.mgm.com/view/Movie/630/Fame-\(2009\)/](http://www.mgm.com/view/Movie/630/Fame-(2009)/) – stikla 2009.

<http://www.youtube.com/watch?v=fRPca0Lvp1w> – stikla.

<http://www.youtube.com/watch?v=r4C3CmmGUQk> – stikla.

Iceland's most famous writer – Halldór Laxness – lesbók og vinnubók

Í mörgum skólum er fjallað sérstaklega um Nóbelskaldið Halldór Laxness. Tilvalið er að taka þennan texta á sama tíma og það er gert.

What do you watch? – vinnubók

Þetta er stutt verkefni þar sem nemendur hugsa um sitt sjónvarpsmyndur. Þeir hugsa um á hvað þeir horfa og af hverju. Hægt er að hafa umræður um þetta sem kveikju áður en spurningum er svarað skriflega, þá eru meiri líkur á vandaðri svörum. Einnig er hægt að útbúa verkefni í kringum efnið þar sem nemendur skrifa nokkurs konar dagbók, í einn eða fleiri daga, um allt sem þeir horfa á, hvort sem er í tölvu, sjónvarpi eða í bíó. Láta þá skrá hvað þeir horfa á, af hverju, hvernig það var o.s.frv. Ef til vill mætti ræða hvort nemendum hafi þótt eitthvað af áhorfinu vera tímaeyðsla.

Movies to remember – lesbók og vinnubók

Í lesbókinni eru vangaveltur um hvað gerir ógleymanlega mynd ógleymanlega og hvaða myndir eldast vel og hverjar ekki. Þetta býður upp á mikla möguleika í umræðum. Nemendur lesa svo um eina klassíska barnamynd, *ET*. Nokkrar verkefnahugmyndir eru við lok textans í lesbókinni. Hægt er að sýna brot úr myndinni sem má finna á netinu eða til dæmis segja frá myndinni.

Í vinnubók eiga nemendur að útskýra tegundir kvikmynda (gamanmynd, spennamynd o.s.frv.) á ensku með sínum eigin orðum.

Eftirtaldar slóðir tengjast bíómyndinni um ET:

<http://www.filmbuffonline.com/ReadingRoom/ET2.htm> – um ET.

<http://www.youtube.com/watch?v=O9p9S4LeRqw> – stikla um ET 20 ára afmælisútgáfa.

<http://www.youtube.com/watch?v=t4yUQJeKZNs> – upprunalega stiklan um ET.

Let's catch a film – lesbók

Hér er samtal sem er hugsað sem inngangur að næsta texta eða Movie reviews. Gagnlegt og skemmtilegt getur verið fyrir nemendur að leiklesa textann og æfa sig þannig í að tala.

Movie reviews – lesbók


Texti sem fjallar um kvikmyndagagnrýni og til hvers hún er. Eftir lestur textans leysa nemendur verkefnið í lesbók. Mikilvægt er að kennari fari vel yfir þessa punkta með nemendum til að þeim gangi sem best við að skrifa góðan texta. Hér þurfa nemendur að beita gagnrýninni hugsun og prófa að gagnrýna mynd sem þeir hafa séð.

A weirdo or a genius? – lesbók og vinnubók

Texti um Albert Einstein. E.t.v. mætti ræða um líf Einsteins með nemendum og nota punktana fyrir neðan textann til að byrja með. Gaman getur verið að nýta netið hér og sækja meiri upplýsingar um hann. Spurningarnar í vinnubók krefjast þess að nemendur setji sig í hans aðstæður. Ekkert eitt rétt svar er við spurningunum.

Riddle – lesbók

Þetta er skemmtileg og einfölduð þraut, fengin að láni frá Einstein sjálfum. Þrautin er frekar þung en margir nemendur gætu haft gaman af henni. Einfaldast er að leysa þrautina með nemendum að einhverju leyti. Best er að teikna húsin upp á töflu og upplýsingarnar um hvern íbúa við hvert hús. Nemendur byrja á vísbendingunum sem eru gefnar í lesbók en svo lætur kennari eina og eina vísbendingu í einu upp á töflu eða getur gefið nemendum vísbendingu á miða ef þeir leysa þrautina í smærri hópum.



Vísbendingarnar

The Icelandic grandfather lives in a red house.

The English couple keep dogs as pets.

The Scottish children live in the first house.

The person who plays soccer lives next door to the house with cats.

The Australian mum goes jogging.

The Scottish children live next to the blue house.

The green house owner drinks coffee.

The person who goes hiking has birds.

Gott getur verið að teikna svona skema upp á töflu fyrir nemendur.

	House 1	House 2	House 3	House 4	House 5
Nation					
House colour					
Drink					
Exercise					
Pet					

Lausn er að finna í lausnahefti á læstu vefsvæði á nams.is.

Travel and culture

Markmið kaflans eru að nemendur

- þjálfist í notkun orðaforða sem tengist ferðalögum.
- rifji upp reglur um eintölu og fleirtölu nafnorða.
- læri um Ísland og íslenska menningu og menningu í öðrum löndum.

Í kaflanum er fjallað um þekkt staði á Íslandi auk þess sem íslensk og erlend menning er skoðuð. Orðaforðinn miðar að því að nemendur geti rætt um Ísland á ensku og að þeir byggi upp grunnþekkingu til að bjarga sér á erlendri grund. Eintala og fleirtala nafnorða er tekin fyrir í tengslum við textana.

Kveikjusíða – lesbók

Upphafssíða kaflans er eins og áður hugsuð sem kveikja og býður upp á ýmsa möguleika.

- Ræða spurningarnar.
- Umræður um myndina.
- Kennari og nemendur búa til hugarkort í sameiningu.

Tilvalið er að dýpka kveikjuna með ítarefni eins og leikjum, lögum eða umræðum til að vekja enn frekari áhuga nemenda á efninu.

Unique places – lesbók og vinnubók

Hér eru stuttir textar um áhugaverða staði á Íslandi. Hugmyndin er að nemendur skrifi síðan eða segi frá öðrum stöðum sem þeim finnst áhugaverðir á Íslandi. Gaman væri að allir skrifi a.m.k. um einn stað, setji mynd með og hengi upp í stofunni. Með því er komin fín samantekt og fræðsla um áhugaverða staði á Íslandi.

What about you? – vinnubók

Hér eru nemendur bara með vangaveltur um sjálfa sig. Þeir þurfa að lesa stuttar setningar og skilja þær og merkja við það sem á við fyrir hvern og einn.

New Years Eve around the world – lesbók og vinnubók

Sagt er frá hinum ýmsu hefðum í sambandi við síðasta kvöld ársins. Hægt er að auka við verkefnið með því að leita að upplýsingum frá öðrum löndum. Ef nemendur af erlendum uppruna eru í bekknum gæti verið skemmtilegt og fróðlegt að biðja þá að segja frá hefðum og siðum sem þeir þekkja í þessu sambandi.

Icelandic celebrations – lesbók og vinnubók

Þessum textum fylgir einfalt verkefni í vinnubók.

The summer holiday – lesbók

Með þessum texta fylgir nokkuð stórt verkefni sem felur í sér að nota nokkuð af þeim orðaforða sem nemendur ættu að hafa tileinkað sér í kaflanum. Um er að ræða eitt hópverkefni og eitt einstaklingsverkefni.

Westman Islands – lesbók og vinnubók

Texti um Vestmannaeyjar. Nemendur lesa textann og vinna síðan verkefnið í vinnubók. Þar er verkefni þar sem nemendur setja sig í spor fréttamanns og þurfa að nota upplýsingar úr textanum til að vinna fréttina sína. Til viðbótar mætti láta nemendur skoða hvaða upplýsingar þeir finna á erlendum vefsíðum um Vestmannaeyjar.

April Fool's Day – lesbók og vinnubók

Fyrsti apríl er skemmtilegur dagur í hugum margra barna. Hér er texti um þennan dag og nokkra fræga hrekki.

Summer holiday – vinnubók

Hér er texti lagsins birtur en nemendur þurfa að skrifa orðin sem vantar í eyðurnar. Lagið er úr samnefndri kvikmynd frá árinu 1963 og á Youtube má finna stutt brot úr myndinni með þessu skemmtilega lagi. Svo er auðvitað tilvalið að tengja þetta verkefni við sumarfrí nemenda, sérstaklega ef þetta er síðasti kaflinn fyrir sumarfrí. Þá má velta fyrir sér hvað á að gera í sumarfríinu, hvað krakkana langar til að gera og þess háttar.

Á þessari slóð má hlusta á lagið með Cliff Richards: <http://www.youtube.com/watch?v=rbNP5yqg7hc>

Þessi slóð er á brot úr kvikmyndinni með laginu: http://www.youtube.com/watch?v=Gbjf_rHzys

Hér má finna ýmsar upplýsingar um myndina: <http://www.imdb.com/title/tt0057541/>

Textatilvísanir

Lesbók

bls. 12 The locket. Byggt á sögunni The fortune teller. Höf. óþekktur.

bls. 17 Ensk þýðing á völuþulu: Samuel Lefever.

bls. 19 The scorpion, byggt á sögunni *The Monkey's Paw* eftir W. W. Jacobs, á <http://gaslight.mtroyal.ca/mnkypaw.htm>.

bls. 34 Few points about your health. Byggt á upplýsingum á www.lydheilsustod.is.

bls. 40 Ironman. Stuðst við heimasíðu Karenar Axelsdóttur, <http://mbl.is/mm/folk/serefni/pistlar/karen/> með góðfúslegu leyfi hennar.

bls. 52 Jailhouse Rock. Lag og texti eftir Jerry Leiber og Mike Stoller.

bls. 61 Contacting aliens. Byggt á frásögn í bókinni *BEE English 2 – Story Book*, Paul Westlake o.fl., WSOY.

bls. 63 A favour from a friend. Byggt á texta á www.miguelmllop.com/practice/intermediate/readingcomprehension/trial.pdf.

bls. 65 The milk. Byggt á þjóðsögu á http://americanfolklore.net/folklore/2010/07/milk_bottles.html.

bls. 74 The missing painting – A detective game, byggt á Who killed Mrs. Cooper? úr bókinni *Options, advanced English*, Michael Hinton og Robert Marsden, Thomas Nelson and Sons Ltd., 1985.

bls. 78 A smile. Ljóð eftir Wilbur D. Nesbit (1871–1927).

bls. 105 HUMAN BEHAVIOR (25%)

Nellee Hooper/Björk Guðmundsdóttir/Antonio Carlos Jobim

© Sony/ATV Melody

Prentað með leyfi Sony/ATV Music Publishing Scandinavia / Notfabriken Music Publishing AB.

HUMAN BEHAVIOR (25%)

Lag og texti: Nellee Hooper/Björk Guðmundsdóttir/Antonio Carlos Jobim


© 1993 WB Music Corp.

Prentað með leyfi Notfabriken Music Publishing AB/Faber Music Ltd.

bls. 106 Women who influenced the world. Byggt á <http://www.famouspeoplelessons.com/>.

bls. 119 Riddle. Byggt á http://www.manbottle.com/popular/einstein_s_riddle.

Frankenstein. Endursögn höfunda á sögu Mary Shelly.



Vinnubók A

bls. 13 The Fortune-teller. Texti eftir Naomi Neville.

Vinnubók B

bls. 10 Interviews. Birt með góðfúslegu leyfi viðmælenda og foreldra þeirra.

bls. 20 KNOWING ME KNOWING YOU

Lag og texti: Benny Andersson/ Björn Ulvaeus/Stig Anderson © Union Songs Musikförlag.

Prentað með leyfi Universal Music Publishing AB/Gerhrmans Musikförlag AB.

bls. 32 Fame. Texti eftir Michael Gore. Lag eftir Dean Pitchford.

bls. 54 Summer holiday, lag og texti Bruce Welch og Brian Bennett.

Þakkir

Guðrún Erla, Pétur og Veronica Líf

Karen Axelsdóttir

ACTION

Kennsluleiðbeiningar



NÁMSGAGNASTOFNUN
09885